

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1-3
101 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 1. febrúar 2021

Umsögn Landverndar um áform um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál (markmið um kolefnishlutleysi), mál nr. 10/2021

Stjórn Landvernd hefur kynnt sér ofangreind áform og styður þau eins og fram hefur komið í fyrri umsögnum Landverndar um breytingar á lögum um loftslagsmál¹. Landvernd vill benda á 32. mál á 151. löggjafarþingi, frumvarp til laga um loftslagsmál (bindandi markmið). Það frumvarp inniheldur þær breytingar sem lýst er í áformunum en er komið mun lengra í ferlinu að því að verða að lögum. Landvernd hvetur því umhverfis- og auðlindaráðuneytið til þess að stuðla að því að þetta frumvarp fái afgreiðslu á Alþingi þar sem mjög líttill tími er eftir af þessu kjörtímabili og allur sá tími sem sparast við það að nýta sér fullbúið frumvarp dýrmætur. Auk þess er í því frumvarpi fest í lög markmið um samdrátt í losun en ekki bara kolefnishlutleysi sem Landvernd telur nauðsynlegt.

Ísland er 20 árum á eftir mörgum grannþjóðunum í loftslagsmálum. Á meðan þær byggðu upp stjórnsýslu, meðvitund og almenningsvilja í loftslagsmálum og drógu markvisst úr losun, gerðu Íslendingar lítið annað en að auka sína losun. Aðgerðaáætlunin 2018 var skýr viðsnúningur frá þessu stefnuleysi og allt lítur nú til betri vegar. Vegna þess hversu tími okkar til aðgerða er stuttur því við hófum vegferðina mun seinna en nágrannar okkar, þurfa aðgerðir okkar að vera mun beittari, samstilltari og ákveðnari. Skýr lagarammi er grundvallarforsenda. Því styður stjórn Landverndar þau áform sem hér eru lögð til en telur farsælla að nýta mál 32 á 151. löggjafarþingi til þess að koma þeim til leiðar. Í umsögn Landverndar um það kom eftirfarandi fram sem stjórnin vill áréttá:

„Lögfesting markmiða

Landvernd telur mjög mikilvægt að lögfesta markmið í loftslagsmálum til þess að meiri líkur séu á því að markmiðin lifi af stjórnarskipti og til þess að almenningur hafi betri möguleika til aðhalds ef ríkisstjórnir standa ekki við markmiðin. Með því að samþykkja lögfestingu markmiða sýnir Alþingi og stjórnarflokkarnir að þeim er alvara með því að ná markmiðum í loftslagsmálum.

Við lögfestingu markmiða um kolefnishlutleysi er mikilvægt að hugtakið sé skilgreint og hvaða þættir eigi að falla undir það. Stjórn Landverndar telur að þar sé átt við alla losun frá starfsemi og landi á Íslandi og innifalið sé því losun frá framræstu votlendi, illa förnu landi og stóriðju. Ekki

¹ <https://www.althingi.is/alttext/erindi/151/151-257.pdf>
<https://landvernd.is/umgjord-loftslagsmala-a-islandi-veik/>



er hægt að tala um að ná kolefnishlutleysi með bindingu gegnum landnotkun á móti þeirri losun sem eftir er árið 2040, nema að landnýtingarþátturinn sé þegar með nettónúll losun.“

Þá áréttar stjórn Landverndar að nauðsynlegt er að lögfesta markmið um samdrátt í losun.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri